

Nd.

## 32. Frumvarp

til laga um læknishéraðasjóði.

Flutningsm.: Vilmundur Jónsson.

### 1. gr.

Sé læknishérað læknislaust, svo að eigi komi til greiðslu á embættislaunum, eða hluta þeirra, til þjónandi lækni í því héraði, skulu launin eða launahlutinn með dýrtíðaruppbót renna í sérstakan sjóð, er verður eign hlutaðeigandi héraðs. Við ákvörðun þessarar upphæðar skal jafnan miða við byrjunarlaun eins og þau eru ákveðin í lögum um laun embættismanna.

Í sama sjóð og á sama hátt skulu og renna laun yfirsetukvenna þeirra umdæma, er auð kunna að standa innan læknishéraðsins, hvort sem þau laun eiga að greiðast af hægarsjóðum eða rikissjóði og sýslusjóðum.

### 2. gr.

Sjóðir þeir, sem stofnaðir eru samkvæmt 1. gr., nefnast læknishéraðasjóðir. Skulu þeir vera í vörzlu og undir umsjá heilbrigðisstjórnarinnar, sem sér um, að fé þeirra sé jafnan handbært og ávaxtað á tryggum stað.

### 3. gr.

Fé læknishéraðasjóða skal varið til þess að tryggja eftir föngum, að héruðin séu sem sjaldnast læknislaus og yfirsetukvennalaus, svo sem með því að leggja það til læknisbústaða, uppbótar á launum yfirsetukvenna eða annars þess, sem ætla má, að verði til þess að gera héruðin eftirsóknarverðari fyrir lækna og yfirsetukonur eða horfi til endurbóta á heilbrigðismálum héraðsins.

### 4. gr.

Landlæknir gerir, eftir að hafa leitað álits hlutaðeigandi héraðsbúa, tillögur um fjárveitingar úr læknishéraðasjóðum, en heilbrigðisstjórnin tekur ákvarðanir um þær.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1932.

## Greinargerð.

Þetta litla frv. var flutt á síðasta þingi fyrir tilmæli mín af þáverandi þingmanni Ísafjarðarkaupstaðar. Það þarfnast fárra skýringa og læt ég mér nægja að vísa til greinargerðarinnar frá í vetur, án þess að láta prenta hana upp. (Sbr. Alþið. 1931, þskj. 84).

Ég hefi aukið frv. með því að bæta yfirsetukonunum við, og gefur það

Því almennara gildi, því að svo algengt sem það er, að lækna skorti í héruðin, er yfirsetukvennaskorturinn enn tíðari og almennt tilfinnanlegri. Laun yfirsetukvenna í smæstu héruðunum eru líka svo smánarlega lág, að þær mundi muna tiltölulega miklu, jafnvel hvað lítið sem hægt væri að hygla þeim, t. d. með aðstoð þessara sjóða. En svo illa hefir það gengið að fá laun yfirsetukvenna bætt viðunandi *beinlínis*, sem skyldast væri, að ekki er hægt að forsmá krókaleiðir, sem miða í þá átt að bæta kjör þeirra, sem harðast verða úti.